



SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN

Hafsjór tækifæra

Grand Hótel Reykjavík, 6.-7. september 2010

ICELANDIC
GROUP


HB GRANDI



Landsbankinn

Sjávarútvegsráðstefnan ehf.

Tilgangur félagsins er að halda árlega ráðstefnu til að stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um sjávarútveg og að vera vettvangur fyrir samskipti allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Félagið er ekki hagsmunasamtök einstakra hópa og vinnur ekki að hagsmunagæslu.

Hugmyndin

Hugmyndin að sjávarútvegsráðstefnunni er að skapa samskiptavettvang allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Innan þessa hóps eru þeir sem starfa við veiðar, eldi, frumvinnslu, framhaldsvinnslu, sölu og markaðssetningu, þjónustu og rannsóknir og þróun, einnig opinberir aðilar, kennarar og nemendur, fjölmiðlar og aðrir áhugamenn.

Næstu ráðstefnur og upplýsingamiðlun

Framvegis verður sjávarútvegsráðstefnan haldin í fyrstu viku marsmánaðar ár hvert.

Á vef félagsins sem er [www.sjavarutvegsradstefnan.is](#) gefst öllum tækifæri að koma með tillögur um efnistökin á næstu ráðstefnu og fulltrúa í stjórn félagsins.

Á vefnum verður jafnframt hægt að sækja dagskrá og skrá sig á ráðstefnuna. Á vefsíðu félagsins verður einnig hægt að sækja erindi og önnur gögn sem gefin verða út í tilefni ráðstefnanna.

Skipulag félagsins

Aðalfundur félagsins kys 6 manna stjórn sem er jafnframt ráðstefnuráð. Stjórn félagsins skipuleggur og sér um framkvæmd Sjávarútvegsráðstefnunnar.

Við val á stjórn félagsins er leitast við að hún endurspegli sem best starfsemi sjávarútvegs. Til að tryggja að sjónarmið sem flestra innan greinarinnar nái fram er gert ráð fyrir reglulegri endurnýjun með því að skipta út helmingi stjórnar á hverju ári.

Sjávarútvegsráðstefnan er fyrir alla!

Markmið Sjávarútvegsráðstefnunnar er að ná saman á einum stað þversneið af íslenskum sjávarútvegi til að vinna að framförum og sókn.

Sjávarútvegsráðstefnan er vettvangur þar sem menn hittast, styrkja sambönd og samstarf í greininni.

Á ráðstefnunni er fjallað um mikilvæg viðfangsefni á sviði sjávarútvegs og vonast er að hún verði uppspretta hugmynda og hvatning til góðra verka.

Stjórn félagsins

Guðbrandur Sigurðsson, formaður
Halldór Ármannsson
Halldór Þórarinnsson
Hjörtur Gíslason
Sjöfn Sigurgísladóttir
Svavar Svavarsson

Starfsmaður: Valdimar Ingi Gunnarsson



**SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN
2010**

Hafsjór tækifæra

Grand Hótel Reykjavík, 6.-7. september

Ómengað haf
Ábyrgar fiskveiðar
Leiðandi fyrirtæki
Gæðavörur

HB Grandi hf. er eitt stærsta og öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi. Fyrirtækið framleiðir verðmæta gæðavöru úr ferskum fiski sem aflað er úr hafinu umhverfis Ísland og leggur áherslu á góða umgengni um auðlindina og ábyrgar fiskveiðar.

FABRIKAN

www.hbgrandi.is



HB GRANDI

DAGSKRÁ RÁÐSTEFNUNAR

Fyrri dagur: Mánudagurinn 6. september

Ráðstefnan sett

1. Íslenskur sjávarútvegur Fundarstjóri: Arndís Ármann Steinpórsdóttir

09:00 Skráning

10:00	Setning ráðstefnunnar	Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
10:10	Sjávarútvegsráðstefnan - hugmyndafræði, skipulag og tækifæri.	Guðbrandur Sigurðsson
10:20	Getur íslenskur sjávarútvegur vaxið um 50 milljarða á næstu 5 árum?	Kristján Hjaltason
10:40	Samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs í alþjóðlegu samhengi.	Kristján Davíðsson
11:00	Rannsóknir og nýsköpun í alþjóðlegu samhengi.	Sjöfn Sigurgísladóttir
11:20	Verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi.	Kristján G. Jóakimsson
11:40	Umræður.	
12:00	Hádegismatur.	

Málstofa A

2. Markaðsmál og vörupróun Málfundastjóri: Svavar Svavarsson

13:30	Próun sölu- og markaðsmála í íslenskum sjávarútvegi á undanföllum árum. Egbert Benedikt Guðmundsson
13:50	Hvernig er markaður fyrir sjávarafurðir að breytast og hvernig svörum við þeim breytingum? Ingvar Eyfjörð
14:10	Markaðsfærsla hjá smærri fyrirtækjum. Erla Björg Guðrúnardóttir
14:30	Vörupróun matvæla í samvinnu við erlenda smásala. Halldór Þórarinnsson
14:50	Umræður.
15:10	Kaffi.

3. Vörumerkið Ísland Málfundastjóri: Pétur Bjarnason

15:40	Er ávinningur af íslenskum uppruna? Halldór G. Eyjólfsson
16:00	Hafa íslenskar sjávarafurðir og/eða vörumerki sérstöðu á mörkuðum erlendis? Ævar Agnarsson
16:20	Er ávinningur af því að markaðsfæra undir sameiginlegu gæða- og/eða landsmerki? Sigurður Ágústsson
16:40	Umræður.
17:00	Ráðstefnuslit á fyrri degi.

Málstofa B

4. Tækifæri til verðmætasköpunar Málfundastjóri: Hjörtur Gíslason

13:30	Tækifæri í veiðum á vannýttum tegundum. Ólafur S. Ástþórsson
13:50	Sinum sérþörfum og virðisaukinn vex. Óskar Karlsson
14:10	Tækifæri í fiskeldi. Jón Kjartan Jónsson
14:30	Tækifæri í sjávarlíftækni. Hjörleifur Einarsson
14:50	Umræður.
15:10	Kaffi.

5. Tækifæri til verðmætasköpunar (frh) Málfundastjóri: Halldór Ármannsson

15:40	Tækifæri í útflutningi á þekkingu og þjónustu. Geir A. Gunnlaugsson
16:00	Helstu tækifæri í flutningum ferskra sjávarafurða. Valdimar Óskarsson
16:20	Aukið verðmæti sjávafangs – Rannsóknir og þróun. Helgi Hjálmarsson
16:40	Umræður.
17:00	Ráðstefnuslit á fyrri degi.

6. Móttaka Í boði HB Granda, Norðurgarði. 17:30 til 19:00

Seinni dagur: Þriðjudagurinn 7. september

Málstofa A

7. Umhverfismerkingar Málstofustjóri: Alda Möller

09:00	Leiða umhverfismerkingar til betri fiskveiðistjórnunar? Grímur Valdimarsson
09:20	Kynning á Maine Stewardship Council. Gísli Gíslason
09:40	Íslenska merkið og vottunarferlið. Finnur Garðarsson
10:00	Viðhorf viðskiptavina. Martin Hofstede
10:20	Umræður
10:40	Kaffi

Sameiginleg málstofa

9. Samantekt og umræður Fundarstjóri: Guðbrandur Sigurðsson

11:10	Markaðsmál, uppruni og umhverfismerkingar. Jón Þrándur Stefánsson
11:25	Tækifæri til þróunar og verðmætasköpunar. Sigurður Bogason
11:40	Panelumræður.
12:30	Ráðstefnuslit.

Málstofa B

8. Ferðaþjónusta og sjávarútvegur Málstofustjóri: Lára Pétursdóttir

09:00	Staða og þróun ferðaþjónustunnar. Erna Hauksdóttir
09:20	Íslensk strandmenning og hvalaskoðun. Hörður Sigurbjarnason
09:40	Sjávarfang og ferðaþjónusta. Guðmundur H. Gunnarsson
10:00	Grunnur að framförum – stefnumörkun og vaxtarskilyrði Marine Tourism á Íslandi. Lærdómur brautryðjenda hér á landi og erlendis. Viktória Rán Ólafsdóttir
10:20	Umræður.
10:40	Kaffi.

10. Hluthafafundur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf.

12:45	Kosning þriggja nýrra fulltrúa í stjórn. Skipulag Sjávarútvegsráðstefnu 2011 o.fl.
13:30	Fundi slitið

Íslenskur sjávarútvegur skiptir okkur miklu máli

Landsbankinn veitir alhliða þjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Útibúanet Landsbankans er víðtækast meðal íslenskra fjármálafyrirtækja og tryggir því íslenskum sjávarútvegi trausta og persónulega bankaþjónustu. Við bjóðum einstaklingum og fyrirtækjum í sjávarútvegi ráðgjöf sérhæfðra starfsmanna um land allt. Þannig stuðlum við að grósku í sjávarútvegi á Íslandi.

Landsbankinn er stoltur af því að vera meðal bakhjarla Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010.



Ágrip erinda

1 Íslenskur sjávarútvegur

Sjávarútvegsráðstefnan - hugmyndafræði, skipulag og tækifæri.

Guðbrandur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Nýlands.

- Tilgangur og hugmyndafræði Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf.
- Skipulag ráðstefnunnar og möguleg þróun á næstu árum.

Getur íslenskur sjávarútvegur vaxið um 50 milljarða á næstu 5 árum?

Kristján Hjaltason ráðgjafi hjá Facts of Seafoods.

- Töluleg greining á íslenskum sjávarútvegi, frá veiðum til vinnslu og að útflutningsafurðum og mörkuðum.
- Samtök atvinnulífsins telur að sjávarútvegur eigi að geta skilað a.m.k. 7 milljarða króna aukningu á hverju ári í útflutningstekjum næstu fimm árin. Getum við bætt um betur og náð að vaxa um 10 milljarða króna á ári næstu fimm árin eða samtals 50 milljarða króna?
- Lagt verður mat á hvar stóru tækifærin liggja en til þess að ná þessum árangri þarf töluverða breytingu á mörgum sviðum.

Samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs í alþjóðlegu samhengi.

Kristján P. Davíðsson ráðgjafi hjá KE – Partners og stjórnarformaður COPEINCA.

- Íslenskur sjávarútvegur settur í samhengi við sjávarútveg á heimsvísu.
- Gerð er grein fyrir þróun íslensks sjávarútvegs í samanburði við helstu samkeppnislönd.
- Hvernig hefur samkeppnisstaða íslensks sjávarútvegs breyst og hvers er að vænta?

Rannsóknir og nýsköpun í alþjóðlegu samhengi.

Sjöfn Sigurgísladóttir forstjóri Matis og prófessor við Háskóla Íslands.

- Framþróun og nýsköpun í sjávarútvegi verður ekki tryggð nema með öflugri rannsókn- og þróunarstarfi. Íslendingar vörðu um 35 milljörðum króna til rannsókna og þróunar árið 2007 og þar af um 27% til fiskveiða, fiskvinnslu og landbúnaðar.
- Fyrirtæki fjármöggnuðu um helminginn og hið opinbera um 38%. Afrakstur nýsköpunar s.s. veitt einkaleyfi er heldur minni en í nágrannalöndunum, en mikill árangur hefur nást í formi nýrra framleiðsluvara og aukinna afkasta.
- Til að auka afrakstur þarf að huga betur að menntun í tækni- og verkfræðigreinum. Efla þarf samstarf fyrirtækja og rannsóknaaðila meðal annars með því að nýta ungt fólk í styttri og lengri nýsköpunarverkefnum.



Flutningalausnir um allan heim fyrir ferskar og frosnar afurðir



SMYRIL BLUE WATER

Smyril Blue Water er í eigu Blue Water Group í Danmörku. Blue Water er með starfsemi í 26 löndum og flutningsnet um allan heim. Flutningaráðgjafar Smyril Blue Water bjóða sérhæfðar flutningslausnir á sviði hitastýrðra vara til og frá Íslandi á samkeppnishæfu verði og hátt þjónustustig.

Sjávarafurðir eru fluttar vikulega frá Íslandi til Danmerkur með sérstökum kæli og frystibílum. Smyril Blue Water rekur fullkomna dreifingarmiðstöð fyrir ferska og frosna matvöru í Padborg Danmörku og þaðan er dreift daglega til helstu staða í Evrópu.

FLUTNINGSTÍMI FRÁ PADBORG DK:

Bremerhaven, Germany	→	6 klst.
Cuxhaven, Germany	→	6 klst.
Rotterdam	→	10 klst.
Zeebrugge, Belgium	→	11 klst.
Boulogne Sur Mer, France	→	13 klst.
Rungis, France	→	24 klst.
Bretagne, France	→	48 klst.

Flutningaþjónusta Smyril Blue Water:

- * Hægt er að flytja frosnar og ferskar afurðir í sama flutningavagninum
- * Öflugt landflutninganet í Evrópu, FTL.LTL
- * Vikulegar siglingar frá Íslandi til Evrópu með ekjuskipi, Ro/Ro
- * Frysti og Kæli Flutningsmiðlun um allan heim
- * Sérhæfðar dreifingarmiðstöðvar í Evrópu fyrir hitastýrðar vörur

FREKARI UPPLÝSINGAR

Seyðisfjörður

Tel: +354 470 2800

Mail: siffi@sbwcargo.is

Reykjavík

Tel: +354 842 2330

Mail: sts@bws.dk



Verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi.

Kristján G. Jóakimsson vinnslu- og markaðsstjóri hjá Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru.

- Á síðustu árum hefur afli mikilvægra fisktegunda dregist saman.
- Sjávarútvegsfyrirtæki hafa þurft að aðlaga sig að breyttum aðstæðum með hagræðingu og aukinni verðmætasköpun sem byggir meðal annars á vinnslu, - vöru, - og markaðsþróun.
- Enn frekari tækifæri til aukinnar verðmætasköpunar eru fyrir hendi bæði í hefðbundnum greinum sem og nýjum.

2 Markaðsmál og vöruþróun

Þróun sölu- og markaðsmála í íslenskum sjávarútvegi á undanförunum árum.

Eggert Benedikt Guðmundsson forstjóri HB Granda.

- Yfirlit um breytingar á skipulagi sölu- og markaðsmála íslenskra sjávarafurða.
- Hefur þessi þróun styrkt sjávarútveginn?
- Hafa umhverfismál áhrif á tilhögun markaðssetningar?

Hvernig er markaður fyrir sjávarafurðir að breytast og hvernig svörum við þeim breytingum?

Ingvar Eyfjörð aðstoðarforstjóri Icelandic Group.

- Hvernig eru helstu markaðir Íslendinga fyrir sjávarafurðir að breytast?
- Hver er líkleg þróun á þessum mörkuðum?
- Hverjar verða þarfir neytenda í framtíðinni?
- Hvernig tryggjum við að íslenskar vörur séu teknar fram yfir vörur samkeppnisaðilanna?

Markaðsfærsla hjá smærri fyrirtækjum.

Erla Björg Guðrúnardóttir framkvæmdastjóri Marz Seafood.

- Hvernig hefur litlum markaðs- og sölufyrirtækjum gengið að byggja sig upp?
- Eru lítil fyrirtæki betur til þess fallinn að afla nýrra markaða fyrir nýjar tegundir eða afurðir sem lítið er framleitt af?
- Hafa minni markaðsfyrirtæki sömu möguleika til vöruþróunar og stærri fyrirtæki?

Vöruþróun matvælaí samvinnu við erlenda smásala.

Halldór Þórarinsson stjórnarformaður Fram Foods.

- Hvernig tryggjum við að sjávarútvegur bregðist á réttan hátt við breytingum á markaði?



Fáskrúðsfjörður

Heildarlausnir fyrir sjó-og landvinnslu



- Kassar
- Öskjur
- Arkir
- Pokar
- Filmur
- Skór
- Stígvél
- Vettlingar
- Vinnufatnaður,
- Hnífar
- Brýni
- Bakkar
- Einnota vörur o.fl.




CoolSeal

Kassar læsast saman við stöflun og brettið verður stöðuga




SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

- Hver er upplifun erlendra neytenda og kaupenda þegar íslenskt sjávarfang er annars vegar og hvernig er hægt að nýta það við markaðssetningu afurðanna?
- Hvaða möguleika hefur vinnslan til að sinna tækifærum og fjölbreyttum kröfum markaðarins um að vinna afurðir, sem eru tilbúnar til eldunar eða neyslu?

3 Vörumerkið Ísland

Er ávinningur af íslenskum uppruna?

Halldór G. Eyjólfsson forstjóri Sjóklæðagerðarinnar 66° Norður.

- Hvernig getum við nýtt okkur íslenskan uppruna í markaðsfærslu íslenskra afurða erlendis?
- Hvernig 66°Norður notar uppruna sinn.

Hafa íslenskar sjávarafurðir og/eða vörumerki sérstöðu á mörkuðum erlendis?

Ævar Agnarsson forstjóri Icelandic USA.

- Íslenskar sjávarafurðir hafa haft góða ímynd á mörkuðum erlendis – hefur þetta verið að breytast? Ef svo er - hvað hefur valdið því?
- Hvernig eru íslenskar sjávarafurðir markaðssettar í dag? Er verið að leggja áherslu á íslenskan uppruna?
- Hafa nýir aðilar á Íslandi náð að byggja upp sterk vörumerki?

Er ávinningur af því að markaðsfæra undir sameiginlegu gæða og/eða landsmerki?

Sigurður Ágústsson forstjóri Agustson.

- Er ávinningur af því að hafa landsmerki sem allir framleiðendur íslenskra sjávarafurða gætu notað að uppfylltum ákveðnum skilyrðum?
- Undanfarin ár hafa Íslendingar verið stórir við markaðssetningu sjávarafurða á heimsvísu og selt bæði íslenskar og erlendar sjávarafurðir undir gömlum íslenskum vörumerkjum. Er þetta eðlileg þróun? Veldur þetta ruglingi á mörkuðum?

4 Tækifæri til verðmætasköpunar

Tækifæri í veiðum á vannýttum tegundum.

Ólafur S. Ástþórsson aðstoðarforstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar.

- Nýlega var tekin saman á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar greinargerð um rannsóknaverkefni sem talin voru áhugaverð í tengslum við mögulega styrkingu atvinnulífs og gjaldeyrissköpun.
- Í erindinu verður greint frá helstu verkefnum sem talin voru koma til greina m.t.t. skjótvirks árangurs, fjallað verður um stöðu þeirra hvað varðar framkvæmd og tiltækar niðurstöður.
- Verkefni tengjast sæbjúgum, kræklingi, smokkfiski og miðsjávarfiskum.



Sandgerði

Sinum sérþörfum og virðisaukinn vex.

Óskar Karlsson innkaupastjóri Icelandic Iberica.

- Hvernig er hægt að nýta hráefnið betur og auka virðisaukann?
- Hvar eru helstu tækifæri til að auka verðmæti sjávarafurða með aukinni vinnslu?
- Nokkur dæmi um vinnsluleiðir og markaði fyrir afurðir og viðskipti sem skapað hafa aukin verðmæti.

Tækifæri í fiskeldi.

Jón Kjartan Jónsson framkvæmdastjóri fiskeldis Samherja og formaður Landssambands fiskeldisstöðva.

- Gefa yfirlit yfir stöðu fiskeldis og útflutningsverðmæti eftir tegundum.
- Af hverju hefur þróunin verið mun hægari hér á landi en í nágrannalöndum?
- Hvar eru helstu tækifærin til verðmætasköpunar og hvað þarf til að koma þeim í framkvæmd?

Tækifæri í sjávarlíftækni.

Hjörleifur Einarsson prófessor við Háskólann á Akureyri.

- Hvar eru helstu tækifærin til verðmætasköpunar og hvað þarf til að koma þeim í framkvæmd?
- Gefa yfirlit yfir vörur og þjónustu byggða á sjávarlíftækni.
- Gera grein fyrir nokkrum líftækniáfurðum og hver er staða þeirra í þróunarferlinu?

5 Tækifæri til verðmætasköpunar (frh.)

Tækifæri í útflutningi á þekkingu og þjónustu.

Geir A. Gunnlaugsson, fyrrum forstjóri Marel og Sæplast/Promens, stjórnarformaður 3X Technology.

- Þróun fyrirtækja sem framleiða tækjabúnað fyrir vinnslu sjávarafurða undanfarna þrjú áratugi. Hverjar voru forsendur þessarar þróunar? Eru þær til staðar í dag? Eru enn þá möguleikar til vaxtar og nýsköpunar í þessum iðnaði og þá hvar?
- Hvað þarf til að þessi iðnaður geti haldið áfram að vaxa og dafna?



- Getur þróun búnaðar fyrir vinnslu sjávarafurða verið stökkbretti inn í annan matvælaíðnað?

Helstu tækifæri í flutningum ferskra sjávarafurða.

Valdimar Óskarsson framkvæmdarstjóri Temp Logistics.

- Hvernig er samkeppnisstaða íslenskra framleiðanda á ferskum afurðum að teknu tilliti til fjarlægðar frá mörkuðum?
- Hvernig er staðið að flutningum á ferskum afurðum frá Íslandi:
 - o Miðað við núverandi þjónustu.
 - o Miðað við samkeppnisaðila okkar.
 - o Miðað við raun þarfir útflytjenda.
- Hver er samkeppnisfærni okkar með tilliti til kostnaðar?
- Eru sóknarfæri í flutningum á ferskum sjávarafurðum?

Aukin verðmæti sjávarfangs – Rannsóknir og þróun.

Helgi Hjálmarsson framkvæmdastjóri Völku.

- Stöndum við framfarir öðrum þjóðum í veiðum og vinnslu á sjávarfangi?
- Á hvaða sviðum höfum við helst verið að bæta okkur og hvar má gera betur?
- Eru rannsóknarsjóðir, t.d. AVS og Tækniþróunarsjóður, líklegir til að geta stuðlað að framþróun í greininni og hafa verkefni undanfarinna ára verið að skila sér?
- Hversu öflugur er iðnaðurinn í kringum sjávarútveginn á Íslandi og er mikilvægt fyrir sjávarútveginn og þjóðina að hann eflist?
- Er samstarf rannsóknarstofnanna, þróunarfyrirtækja og sjávarútvegsfyrirtækja eins og best verður á kosið?



6 Umhverfismerkingar

Leiða umhverfismerkingar til betri fiskveiðistjórnunar?

Grimur Valdimarsson fyrrverandi forstjóri Fiskiðnaðarsviðs Matvæla-og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

- Árið 1996 var skorin upp herör gegn meintu getu- eða viljaleysi ríkisstjórna til þess að stýra fiskveiðum með virkum hætti og koma þannig í veg fyrir ofveiði og önnur umhverfisspjöll þeim tengdum. Í dag er talið að um 7% af fiskafurðum á alþjóðlegum fiskmarkaði séu umhverfismerktar.
- Þótt fyrir liggi að neytendur séu ekki tilbúnir til að greiða hærra verð fyrir umhverfismerktar fiskafurðir þá er óumdeilt að umhverfismerki gefa ákveðið forskot á markaði. Ástæðan er sú að stærstu söluáðilarnir hafa samþykkt hugmyndafræðina sem liggur að baki umhverfismerkingum, þótt hver fari eftir sínu nefi í þeim efnunum.
- Í erindinu verður fjallað um þróun þessara mála og hvernig fiskiðnaðarþjóðir geti svarað kalli almennings um ábyrga fiskveiðistjórnun án þess að vera ofurseldar duttlungum misviturra markaðsmanna um einstakar aðgerðir.

Kynning á Marine Stewardship Council.

Gísli Gíslason ráðgjafi hjá Marine Stewardship Council.

- Marine Stewardship Council (MSC) var fyrst til að koma fram með staðla til að votta sjálfbærar fiskveiðar.
- Í dag er um 12% af heimsveiðum til manneldis vottaðar eða í vottunarferli samkvæmt MSC staðli.
- Skýrslur staðfesta að MSC er trúverðugasti kostur til að votta sjálfbærni, með sterkustu markaðsstöðu og í raun eina kerfið sem er algerlega í samræmi við reglur FAO.
- Eiga Íslendingar eingöngu að nota eitt umhverfismerki þegar fleiri merki eru í boði og markaðsþarfir ólíkar?

Íslenska merkið og vottunarferlið.

Finnur Garðarsson verkefnisstjóri hjá Fiskifélagi Íslands.

- Gerð verður grein fyrir íslenska merkinu og hver tilgangur með útgáfu þess er.
- Hvernig verður vottunarferlinu háttáð og að hvaða leiti er það ólíkt því sem gerist í öðrum vottunarverkefnum?
- Hvaða skilaboðum miðlar vottunin og merkið?
- Hvernig er vottun fiskveiða að þróast á alþjóðavettvangi og hver er sýnin á stöðu íslenska verkefnisins í þeirri þróun?

Viðhorf viðskiptavina.

Martin Hofstede, CLAMA GmbH & Co. KG.

- Viðhorf viðskiptavina til umhverfismerkja og áhrif þeirra á innkaupastefnu verslunarkeðja.
- Hvernig eiga Íslendingar að standa að kynningu á íslensku umhverfismerki á erlendum mörkuðum?
- Á að gera umhverfismerkið víðtækara en það er í dag með því að taka einnig með s.s. hlutfall hráefnis sem fer í manneldivinnslu?

7 Ferðaþjónusta og sjávarútvegur

Staða og þróun ferðaþjónustunnar.

Erna Hauksdóttir framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

- Fjallað verður um skilgreiningu ferðaþjónustunnar og fjölbreytni.
- Einnig verður fjallað um þýðingu ferðaþjónustunnar í þjóðarbúskap Íslendinga og hversu mikið verðmæti hennar hefur aukist.

Íslensk strandmenning og hvalaskoðun.

Hörður Sigurbjarnason framkvæmdastjóri Norðursiglingar.

- Gerð er grein fyrir þróun hvalaskoðunar og sjóstangaveiða og hvaða þýðingu þær hafa í dag.
- Er hægt að brydda upp á annarri sambærilegri afþreyingu fyrir ferðamenn?
- Varðveisla gamalla báta og nýting þeirra í ferðaþjónustu.
- Hvaða tækifæri eru í að fjölga störfum og auka útflutningstekjur?

Sjávarfang og ferðaþjónusta.

Guðmundur H. Gunnarsson verkefnastjóri hjá Mátis.

- Gerð verður grein fyrir tækifærum í menningatengdri ferðaþjónustu, s.s. kynningu á íslenskum sjávarafurðum á veitingarstöðum og fiskmörkuðum, skoðunarferðir í íslensk skip, fiskvinnslu- og eldisfyrirtæki.
- Tekin verða dæmi um hvernig er hægt að nýta ferðamenn á Íslandi til að auka eftirspurn á íslenskum sjávarafurðum á erlendum mörkuðum.

- Farið verður yfir möguleika í nýtingu íslensks sjávarfangs til fjölgunar starfa og aukinna útflutningstekna?

Grunnur að framförum - stefnumörkun og vaxtarskilyrði Marine Tourism á Íslandi. Lærdómur brautryðjenda hér á landi og erlendis.

Viktoría Rán Ólafsdóttir verkefnastjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða.

- Hvað þarf að gera til að byggja upp þessa grein og hvernig getur sjávarútvegurinn og stjórnvöld stutt við frekari uppbyggingu?
- Hvað getum við lært af öðrum löndum við uppbyggingu á sjávarútvegstengdri ferðaþjónustu hér á landi?



Alhliða veiðarfæraþjónusta í höndum fagmanna

Viðtæk þekking og reynsla í uppsetningu og gerð veiðarfæra

Stöðug þróun veiðarfæra í samvinnu við sjómenn og útgerðir.

- Loðnu- og síldarnætur
- Fiskitroll
- Rækjutroll
- Snurvöðir
- Flottroll
- Gúmmibátaþjónusta
- Fiskeldisþjónusta

Strandgötu 1 Neskaupstað Sími:4700 800 Fax:4700 801

FJARÐANET

Neskaupstaður / Fjáskrúðsfjörður / Akureyri / Ísafjörður

www.fjardanet.is
fjardanet@fjardanet.is
Fjardanet er aðili að Hampidjan Group

ÓTTÓ AUGLÝSINGASTOFA



Í Grindavíkurhöfn



**SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN
2011**

Grand Hótel Reykjavík, 3.-4. mars 2011

Óskað er eftir tillögum
um efnistöð og fyrirlesara
fyrir 1. nóvember 2010

Vinsamlega sendið tillögur til:
sjavarutvegsradstefnan@sjavarutvegsradstefnan.is



**SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN**

Styrktaraðilar sjávarútvegsráðstefnunnar



HB GRANDI



maritech
- tryggir þér samkeppnisforskot



Íslandsbanki

